Nd. **600. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning að stofnun menntaskóla að Laugarvatni.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti fram fara athugun á möguleikum til að hefja menntaskólakennslu að Laugarvatni eins fljótt og kostur er.

Greinargerð.

Menntaskólakennsla fer nú fram í 2 skólum hér á landi, í Reykjavík og Akureyri. Aðsókn að skólum þessum er mjög mikil, svo að jafnan verða margir frá að hverfa árlega, sem óskað hafa að mega stunda þar nám. Fjöldi nýrra nemenda í menntaskólanum í Reykjavík er fastákveðinn 25 á ári inn í 1. bekk, og í Akureyrarskólanum takmarkast tala þessi af húsnæði skólans, svo að sækja verður um skólavist löngu fyrir fram. Þetta hefur orðið til þess, að bæirnir, sem skólar þessir starfa í, standa langsamlega bezt að vígi um að láta börnin sín njóta náms í þessum skólum. Nemendur þar hafa húsnæði tryggt á heimilum sínum, hvað sem í skerst, og þeir eiga hægast með að afla sér þeirrar undirbúningsfræðslu, sem krafizt er til að geta fengið inngöngu í skólana. Jafnframt er aðstandendum þeirra ódýrast að kosta þá til námsins, þar sem þeir þurfa ekki að senda þá burt af heimilum sínum. Heimavistin við Akureyrarskólann er svo að segja eina athvarfið, sem námsfólk utan bæjanna á í þessum efnum.

Þetta hefur haft þau áhrif í þjóðlífi voru, að nemendur menntaskólanna eru að langmestu leyti úr kaupstöðum þeim, þar sem skólarnir eru, — sérstaklega á það við um skólann í Reykjavík, — og það er stöðugt að verða meiri og meiri erfiðleikum háð, að ungt og námfúst fólk sveitanna geti stundað þetta nám. En sú staðreynd hefur hins vegar tvær mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Í fyrsta lagi nýtur embættismannastétt landsins svo að segja eingöngu uppeldis í kaupstöðunum og verður með öllu ókunn högum og háttum sveitanna og því bæði ófús og illa hæf til að stunda störf þar. Enda eru erfiðleikarnir sívaxandi á að fá næga og hæfa menn í embætti í sveitum landsins. Og í öðru lagi er afleiðing þessa ástands sú, að þeir, sem vilja láta börn sín ganga menntabrautina, sem kallað er, af þeim, sem í sveitum búa, sjá sér þann kost vænstan að flytja til kaupstaðanna, þar sem skólarnir eru, þegar börn þeirra stálpast, og munu sveitirnar af þessum sökum m. a. hafa misst marga góða menn í burtu, sem ella hefðu viljað starfa þar áfram.

Væri hins vegar komið upp góðum heimavistarmenntaskóla í sveit, þar sem ungt fólk úr sveitunum gæti stundað nám undir bærilegum skilyrðum hvað kostnað og ytri aðbúnað snertir, þá kæmist aftur nokkurt jafnvægi á í þessum efnum, og ekki ósennilegt, að þjóðin mundi fá marga dugandi starfsmenn frá slíkri skólastofnun.

Erlendis er það algengt mjög, að slíkir skólar séu settir utan kaupstaðanna, með heimavistum handa öllum nemendum, og ýmist reknir af ríkinu eða einstaklingum. Námið eða dvalarkostnaðurinn verður að mun ódýrari en í hinum dýru bæjum, og aðstaða öll til íþrótta og hollra uppeldisáhrifa verður að mun auðveldari.

Þótt margt sé, sem mælir með því að endurreisa hinn forna Skálholtsskóla, þegar hafizt er handa í þessum efnum, þá mun þó aðstaða öll auðveldust að koma skóla þessum á stofn á Laugarvatni, eins og nú standa sakir, og þar sem skóli þessi verður að koma sem fyrst, bæði sveitanna og þjóðarinnar vegna, er lagt til, að athugað sé, hvað gera þarf á þessum stað til að hægt sé að hefja menntaskólakennslu þar.